

Miðvikudaginn 23. janúar 1963.

Nr. 91/1962. **Vilhjálmur Þórðarson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Halldóri Ólafssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ágreiningur um greiðslu fjárnáms- og uppboðskostnaðar.

Dómur Hæstaréttar:

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1962 og gert þær dómkröfur, að niður verði felld uppboðsgerð fyrir fjárnámskostnaði og uppboðskostnaði og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. maí 1962, var felldur niður kostnaður af fjárnámssgerð þeirri, sem í máli þessu greinir. Samkvæmt þessu ber að fella úr gildi ákvæði í úrskurði uppboðsdóms um uppboðsgerð til tryggingar fjárnámskostnaði. Staðfesta ber önnur ákvæði úrskurðarins um uppboðsgerð og málskostnað með skírskotun til raka úrskurðarins.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd uppboðsgerðar fyrir fjárnámskostnaði, kr. 439.00, er úr gildi fellt.

Önnur ákvæði úrskurðarins eru staðfest.

Stefndi, Halldór Ólafsson, greiði áfrýjanda, Vilhjálmi Þórðarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 13. júní 1962.

Með beiðni, dagsettri 7. marz 1961, krafðist dr. Hafþór Guðmundsson hdl. þess f. h. Halldórs Ólafssonar, Rauðarárstíg 20, að hluti í húseigninni nr. 42 við Mávahlíð, hér í bænum, þinglesin eign Vilhjálms Þórðarsonar, s. st., yrði seld á nauðungaruppboði til fullnægju dómskuldar að fjárhæð kr. 486.66 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, kr. 950.00 í málskostnað, auk alls kostnaðar við undanfarið fjárnám og uppboðsgerð, ef til kæmi.

Þann 15. apríl s.l. var Vilhjálmi Þórðarsyni tilkynnt bréflega, að auglýsing um nauðungaruppboð á eigninni yrði send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu 29. sama mánaðar og að nauðungaruppboð færi fram á eigninni 23. júní 1961. Á þeim tíma mætti fyrir Vilhjálmi Þórðarson Þorvaldur Þórarinsson hrl. og lýsti því yfir í réttinum, að málinu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Jafnframt sýndi hann áfrýjunarleyfi, sem gefið hafði verið út af dómsmálaráðuneytinu þrem dögum fyrr, og lýsti því yfir um leið, að áfrýjunarstefna yrði þegar í stað gefin út. Komu mættir sér svo saman um að fresta nauðungaruppboðinu þar til fimmtudaginn 6. júlí 1961, og skyldi það þá tekið fyrir á skrifstofu borgarfógeta að Skólavörðustíg 12, hér í bæ. Þykir ekki ástæða til að rekja frekar þá framvindu málsins hér fyrir réttinum, fyrr en svo var komið, að dómur Hæstaréttar hafði gengið í málinu.

Hæstaréttardómur þessi var kveðinn upp hinn 7. maí s.l. Hafði stefnandi málsins, Vilhjálmur Þórðarson, haft uppi þær dómkröfur, að honum yrði ekki dæmt að greiða stefnanda hærri fjárhæð en kr. 300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1959 til greiðsludags, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð yrði úr gildi felld og að stefnda yrði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Dómkröfur stefnda Halldórs Ólafssonar voru þær, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð yrðu staðfest og að áfrýjanda yrði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. — Dómsorðið varð á þá leið, að Vilhjálmur Þórðarson skyldi greiða Halldóri Ólafssyni kr. 351.72 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, og var áfrýjuð fjárnámsgerð staðfest fyrir þessum upphæðum, en felld úr gildi

að öðru leyti. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti var felldur niður. — Sjá að öðru leyti rskj. nr. 5 í málinu.

Í réttarhaldi í uppboðsréttinum hinn 10. maí s.l. lagði umboðsmaður uppboðspola fram endurrit þessa hæstaréttardóms og bauð fram greiðslu á dómsskuldinni með vöxtum, en neitaði að greiða fjárnáms- og uppboðskostnað. Komu fram greinargerðir af beggja aðilja hálfu, og var þessi ágreiningur tekinn til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 25. maí 1962.

Krafa upboðsbeiðanda Halldórs Ólafssonar er á þá leið, að húseignin Mávahlíð 42 verði seld á nauðungaruppboði til lúkn-ingar kr. 351.72 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og fjárnámskostnaði, sem hér segir: Réttargjöld-um, kr. 65.00, þóknun fyrir mót í fógetarétti, kr. 250.00, bíl-kostnaði, kr. 30.00, kostnaði vegna 2 endurrita af fjárnámsgerð, kr. 30.00, þinglestri fjárnáms, kr. 64.00, og loks kostnaði öllum við uppboðsgerðina, þar með talin þóknun fyrir 13 mót í upp-boðsrétti, samtals kr. 3.250.00, enda hafi uppboðspoli aldrei boðið fram undir rekstri þessa máls greiðslu né tryggingu fyrir kröfunni og hafi því ekki verði skylt að fella uppboðsgerðina niður.

Uppboðsbeiðandi telur löglaust af uppboðspola að bjóða aðeins fram höfuðstól og vexti, þar eð Hæstiréttur hafi ekki kveðið svo á, að fjárnáms- og uppboðskostnaður skyldi falla niður; enn-fremur sé fjárnámsgerðin staðfest í dómnum án athugasemda um þar af leiðandi sjálfsagðan kostnað. Liggi því í hlutarins eðli, að uppboðspola beri að greiða þann kostnað, enda um eðli-legar aðgerðir að ræða, þar eð greiðsla hafi ekki farið fram á tildæmdri skuld. Einnig megi á það líta, að uppboðinu hafi aldr-ei verið áfrýjað, og verði hæstaréttardómurinn engan veginn skýrður þannig, að með honum hafi verið felldur niður kostn-aður af óáfrýjaðri dómsathöfn.

Aftur á móti er því haldið fram af hálfu uppboðspola, að þegar Hæstiréttur segi í dómi sínum, að málskostnaður í héraði skuli niður falla, sé þar ekki aðeins átt við kostnað í sambandi við málssókn fyrir bæjarþingi, heldur og vegna réttargjalda, bílkostnaðar o. þ. h. í fógetarétti svo og sambærilegan kostnað í uppboðsrétti. Þar eð greiðsla allrar þeirrar fjárhæðar, sem Hæstiréttur hafi til tekið, hafi verið boðin fram í uppboðsrétt-inum, sé skylt að hefja uppboðsmál þetta, sbr. 119. grein laga nr. 85 frá 1936. — Er kröfum og málsútlistun uppboðsbeiðanda

mótmælt í hverri grein sem röngum og sumpart sem vanreifuðum og beri að vísa málatilbúnaði hans frá uppboðsréttinum. Til vara er þess krafizt, að uppboðspoli verði sýknaður af þessum fjárkröfum vegna aðildarskorts, þar eð umboðsmaður uppboðsbeiðanda hefði átt að krefja umbjóðanda sinn um kostnað þann, sem hann hafi orðið fyrir vegna þessara innheimtuaðgerða.

Þá er því haldið fram í greinargerð uppboðspola, að með tilliti til þess, hve uppboðspoli sé vel efnum búinn, góðkunnur borgari og áreiðanlegur og traustur í öllum viðskiptum, hafi verið öldungis óþarfi að láta þessar innheimtuaðgerðir, fjárnám og uppboð, fram fara, meðan ekki væri útrunninn áfrýjunarfrestur til Hæstaréttar. Af þessari ástæðu beri að leggja málskostnað á uppboðsbeiðanda, sbr. 177. gr. laga nr. 85 frá 1936, enda er málskostnaðar og krafizt úr hendi uppboðsbeiðanda vegna málaferla þessara.

Með dómi sínum hefur Hæstiréttur kveðið svo á, að málskostnaður í héraði skuli falla niður. Verður að líta svo á, að þar sé átt við þann kostnað, sem er samfara því að fá viðurkenningu bæjarþingsins á réttmætri dómkröfu, en ekki við kostnað við venjulegar eftirfarandi innheimtuaðgerðir. Fjárnámssgerð sú, sem liggur til grundvallar uppboðsgerð þessari, hefur verið staðfest að verulegu leyti, og hefur ekki verið leitt í ljós í máli þessu, að fjárnámssgerð hafi verið framin eða uppboðsgerð byrjuð að ófyrirsynju, og ber að leggja á uppboðspola hæfilegan kostnað af þeim gerðum.

Samkvæmt þessu verður að telja, að uppboðspola beri að greiða, auk höfuðstóls og vaxta, fjárnámskostnað, útlögð réttar- og vottagjöld, kr. 65.00, bílkostnað, kr. 30.00, endurrita- og þinglýsingarkostnað, kr. 94.00, og loks þóknun fyrir mót í fógetarétti, kr. 250.00, eða samtals kr. 439.00. Ennfremur allan uppboðskostnað, þar á meðal þóknun til uppboðsbeiðanda fyrir mót í uppboðsréttinum, og þykir sú upphæð hæfilega ákveðin kr. 850.00.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður, að því er varðar þetta úrskurðaratriði.

Því úrskurðast:

Umbeðin uppboðsgerð skal fara fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda til tryggingar kr. 351.72 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, kr. 439.00 í fjárnámskostnað svo og öllum kostnaði við uppboðsgerðina, þar á meðal kr. 850.00 fyrir mót í uppboðsrétti.

Málskostnaður fellur niður, að því er varðar þetta úrskurðaratriði.

Mánudaginn 28. janúar 1963.

Nr. 150/1962. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Sveinbirni Anton Jónssyni

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um ólöglega áfengissölu.

Dómur Hæstaréttar:

Ásmundur S. Jóhannsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að málinu var áfrýjað, hafa verið háð framhaldspróf í því og ýmis gögn verið lögð fram í Hæstarétti.

Svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi, hafa vitnin Stefán Kristdórsson, fæddur 7. ágúst 1944, og Atli Viðar Jóhannesson Skarphéðinsson, fæddur 30. ágúst 1941, borið það og staðfest fyrir dómi, að þeir hafi hvor um sig keypt af ákærða samtímis eina flösku af brennivíni og greitt hana með kr. 230.00. Kveða þeir kaup þessi hafa farið fram í leigubifreið ákærða, A 141, í leiguakstri um Skipagötu, Kaupvangsstræti og Hafnarstræti að bifreiðarstöð Oddeyrar á Akureyri.

Ákærði hefur eindregið neitað að hafa selt mönnum þessum áfengi, og eru vitnin ein til frásagnar um það.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, gætir allmikils ósamræmis í framburði vitna þessara, bæði innbyrðis og við samanburð á framburði þeirra.

Vitnið Stefán telur áfengissöluna hafa farið fram laugardaginn 30. júlí 1960, en vitnið Atli Viðar segist „ekki geta staðhæft, hvaða mánaðardag það var, en það var um verzl-